

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS - STOFNANAÚTTEKT
**Unnið fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneytið**

Júlí 2010

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| HELSTU NIÐURSTÖÐUR | 2 |
| VERKLAG OG FORSENDUR | 4 |
| Afmörkun úttektar | 4 |
| Kvikmyndanáam | 5 |
| Kvikmyndaskóli Íslands | 6 |
| Stefna skólans | 6 |
| Skólagjöld | 7 |
| Styrktarsamningur milli menntamálaráðuneytisins og Kvikmyndaskóla Íslands | 7 |
| GREINING OG MAT | 8 |
| Stjórnskipulag og rekstur | 8 |
| Skipulag, samráð og upplýsingaflæði | 9 |
| Inntökuskilyrði og inntaka nemenda | 10 |
| Nemendurnir | 10 |
| Ráðning kennara | 10 |
| Námsskrá | 11 |
| Starfsemi sviða samkvæmt námsskrá | 12 |
| Námslýsingar og námsmat | 13 |
| Námslok | 15 |
| Aðbúnaður | 16 |
| Innra mat skólans | 16 |
| Fjármál skólans | 16 |
| Viðhorf fyrrverandi nemenda út frá viðtölum | 17 |
| TILLÖGUR | 19 |
| Tillögur um úrbætur í starfsemi Kvikmyndaskóla Íslands | 19 |
| FYLGISKJAL | 21 |
| Bakgrunnur deildarforseta | 21 |

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

1. Almennar niðurstöður

- Kvikmyndaskóli Íslands er sérskóli á framhaldsskólastigi sem býður upp á hagnýtt nám í kvikmyndagerð en segja má að skólinn sé lista- og verknámsskóli í kvikmyndagerð.
- Kvikmyndaskóli Íslands er ungur skóli í þeirri mynd sem hann er nú. Uppbygging skólans hefur verið hröð í kjölfar þess styrktarsamnings um þróunarverkefni milli skólans og menntamálaráðuneytisins sem gerður var árið 2007. Margt í uppbyggingarstarfi skólans hefur gengið eftir en jafnframt er ljóst að taka verður skipulag skólans og ferli fastari tökum. Mikill metnaður og eldmóður virðist einkenna stjórnendur og nemendur eru almennt jákvæðir í garð skólans.
- Það háir starfsemi Kvikmyndaskólans að ekki liggur fyrir formleg og afgreidd stefnumörkun um það hvers konar skóli Kvikmyndaskólinn eigi að vera en skólinn hefur haft viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Stjórnendur skólans tala hins hins vegar um að skólinn stefni á að verða skóli á háskólastigi. Þá virðast reglur skólans skrifaðar út frá því að um sé að ræða skóla á háskólastigi en ekki sérskóla á framhaldsskólastigi. Óljós sýn á eðli skólans endurspeglast einnig í því hvernig skólinn velur inn nemendur. Námslýsingum er oft ábótavant og viðmið varðandi námsmat óljós. Ekki liggur fyrir skýr stefna um það hvaða formlegu kröfur eru gerðar til kennara.
- Ekki er boðið upp á sambærilegt, heildstætt nám og Kvikmyndaskóli Íslands býður upp á í öðrum íslenskum skóla. Borgarholtsskóli býður upp á fagnám fyrir störf hjá fjölmiðlum og við upplýsingamiðlun í stofnunum og fyrirtækjum sem skarast að einhverju leyti við námskeið Kvikmyndaskólans en nemendur Borgarholtsskóla brautskrást af listnámsbraut sem er ekki sambærilegt. Aðrir skólar bjóða upp á einstaka námskeið sambærileg þeim í Kvikmyndaskólanum.
- Mat úttektaraðila er að skólinn bjóði upp á hagnýtt nám í kvikmyndagerð. Uppbygging námsins kallar á samstarf milli nemenda í framleiðslu, leikstjórn og handritagerð auk samstarfs við nemendur sem læra leiklist, sem býður upp á verulegan ávinning fyrir nemendur.

2. Skipulag og stjórnun

- Kvikmyndaskólinn er fjölskyldufyrirtæki og nán tengsl eru á milli eignarhalds og stjórnunar. Starfsemi skólans hefur vaxið mikið á síðustu árum og ekki síst í því ljósi er æskilegt að gera reksturinn sjálfstæðari frá eigendum. Þetta mætti gera þannig að eigendur myndu annaðhvort einbeita sér að daglegum rekstri eða þá stefnumótun í gegnum stjórnarsetu en ekki hvoru tveggja eins og raunin er í dag.
- Í þessu sambandi má nefna að óheppilegt er að stjórnarformaður skólans starfi jafnframt sem skólameistari, þótt hann gegni ekki því starfsheiti, og stýri daglegum rekstri skólans.

3. Innviðir, ferli og kennsla

- Þróunarsamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem framlengdur var til loka ársins 2010 hefur að mestu leyti gengið eftir. Skipulag og ferli skólans hafa skýrst sl. 3 ár en engu að síður þarf að styrkja frekar ferli, áherslur og kröfur er snúa að ráðningum deildarforseta og kennara skólans, inntöku nemenda, kennsluháttum, námsmati, réttindum og skyldum nemenda, sjálfsmati skólans og gæðamálum.
- Kennsla sem fer fram er að miklu leyti verkleg en einnig í fyrirlestrarformi en lögð er áhersla á að gera nemendur sjálfstæða og skerpa sköpunargáfu þeirra og þekkingu. Kennslumagn og viðvera í skólanum

er nokkuð mikil í samanburði við framhaldsskólastigið og nemendur öðlast víðtæka þekkingu í kvikmyndafræðunum.

- Formlegt kennslumat frá nemendum er það sem einna helst er stuðst við þegar kennsla er metin og er ágæt reynsla af því.
- Námsmat er ekki nógu vel skilgreint og staðlað og ræðst í flestum tilvikum of mikið af persónubundnu mati kennara. Samræma þarf og skýra með nákvæmum hætti hvað lagt er til grundvallar námsmati einstakra námskeiða. Einnig þarf að skýra frekar vægi ástundunar sem hluta af einkunn þar sem við á og hvaða viðmið séu til grundvallar þegar ástundun og þátttaka er hluti af námsmati. Vel er staðið að mati á útskriftarverkefnum nemenda við skólann.
- Lagt er til að undirbúningur og innsetning kennara verði með skipulagðari og formlegri hætti en nú er. Kennurum verði sömuleiðis leiðbeint frekar varðandi námsmat og hvernig eigi að vinna með mætingar og agavandamál nemenda.
- Við frekari þróun náms ber að velta upp þeim möguleika að nám í einstaka deildum verði lengt um ár til að gefa nemendum kost á aukinni sérhæfingu. Samstarf deildarforseta hefur aukist og batnað mikið, sérstaklega eftir að vikulegum fundum deildarforseta, kennslustjóra og stjórnarformanns var komið á sl. haust. Bæta má þó enn frekar samvinnu milli sviða.
- Deildarforsetar Kvikmyndaskólans eru almennt séð mjög jákvæðir gagnvart skólanum og reiðubúnir að leggja mikið á sig í þágu skólans. Þeir sinna hins vegar störfum sínum sem verktakar og er starfshlutfall þeirra 50%. Eðlilegt má telja að deildarforsetar sem ábyrgð bera á sérsviðum séu fastráðnir og starfshlutfall aukið til að tryggja samfellu í starfi skólans og tryggja fagmennsku og gæði í starfi.
- Gæðamál skólans eru ekki skilgreind og þyrfti að greina og skilgreina verkferla skólans og koma á og skilgreina starfsemi fagráða.
- Kvikmyndaskóli Íslands heldur vel utan um hvern nemanda sem stundar nám hjá skólanum og eru nemendur almennt frekar ánægðir með námið. Af þeim sem úttektaraðili hitti hafa margir hug á að mennta sig frekar í kvikmyndafræðum. Fyrirverandi nemendur starfa flestir í faginu þegar vinnu er að hafa.
- Húsnæði skólans er rúmt en á enn langt í land með að vera fullklárað og getur það hægt á framþróun skólans.

4. Rekstur

- Fjárhagsleg staða skólans er veik og hana þarf að styrkja verulega eigi skólinn að geta staðið undir langtíma skuldbindingum sínum.

VERKLAG OG FORSENDUR

Afmörkun úttektar

Með erindisbréfi dagssettu 18.maí 2010 var Capacent falið að vinna stofnanaúttekt á Kvikmyndaskóla Íslands á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Markmið úttektarinnar skv. erindisbréfi er að leggja mat á starfsemi Kvikmyndaskóla Íslands með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum, aðalnámskrá og skólanámskrá og gera almennt grein fyrir stöðu og starfsemi skólans. Áhersla var lögð á að meta stjórnun, kennslu, námsmat, námskröfur, lokapróf, nýtingu tíma, starfsanda, menntun kennara, viðhorf starfsfólks, núverandi og fyrrverandi nemenda til skólastarfsins, svo og meðferð fjárveitinga ríkisins til skólans.

Meginþættir framkvæmdaráætlunar úttektaraðila voru eftirfarandi skv. verkefnatillögu:

- Afla og leggja mat á skrifleg gögn og upplýsingar frá skólanum og ráðuneytinu.
- Vinna greiningu á verkefnum Kvikmyndaskóla Íslands og fjalla um framkvæmd þeirra.
- Fjalla um kennslu, námsmat, námskröfur, lokapróf og önnur grundvallaratriði varðandi faglega þætti í starfi skólans.
- Taka viðtöl við stjórnendur skólans, kennara, nemendur og fulltrúa úr stjórn skólans.
- Framkvæma vefkönnun meðal útskrifaðra nemenda skólans.
- Vinna afmarkaða fjárhagslega greiningu með áherslu á ráðstöfun opinberra fjárframlaga samkvæmt styrktarsamningi.
- Rita greinargerð þar sem niðurstöður stofnanaúttektarinnar eru birtar og tillögur til breytinga eða úrbóta eftir atvikum

Úttektaraðilar

Úttekt þessi er unnin af Capacent ráðgjöf. Ráðgjafar sem unnu að úttektinni eru Fjóra María Ágústsdóttir og Arnar Jónsson.

Framkvæmd greiningar

Viðtöl voru tekin við alla deildarforseta skólans, auk kennslustjóra og bókara, alls sjö viðtöl. Þar sem skólastarfi var lokið við upphaf úttektar gekk erfiðlega að fá viðtöl við kennara skólans en alls komu fimm kennarar í viðtöl. Núverandi nemendur tóku þátt í hópfunni og mættu níu nemendur á þann fund. Ekki reyndist unnt að framkvæma könnun á afdrifum fyrrverandi nemenda þar sem skólinn hafði eingöngu í fórum sínum þau netföng sem skólinn sjálfur hafði veitt þeim aðgang að meðan á námi þeirra stóð. Rannsóknasvið Capacent annaðist handahófskennt val á 16 nöfnum af lista yfir fyrrverandi nemendur og boðaði í einstaklingsviðtöl. Markmiðið var að ná til allt að 8 einstaklinga og reyndist nauðsynlegt að stækka úrtakið eftir að veruleg afföll urðu á fundardögum. Þegar upp var staðið náðist að ræða við fjóra útskrifaða nemendur um það hvernig námið við skólann hefði nýst þeim á vinnumarkaði.

Þau rituðu eða útgefnu gögn sem notuð voru til grundvallar greiningunni voru:

- Kennsluskrá 2009-2010
- Ársskýrslur 2009 og 2008
- Ársreikningar 2008, 2009

- Kennsluáætlanir
- Upplýsingar um námsástundum nemenda, sýnishorn af kladda og nýju punktakerfi
- Vefsíða Kvikmyndaskólans

Kvikmyndanáám

Kvikmyndanáám er byggt upp með afar ólíkum hætti. Nálgunin getur verið hagnýt og miðað að því að undirbúa nemendur undir starf innan kvikmyndageirans eða fræðileg og miðað að því að undirbúa nemendur að vinna með kvikmyndalistina sem viðfangsefni.

Þessi aðgreining byggir að hluta til á því að í hinu hagnýta námi er þörf á kostnaðarsömum tækjabúnaði og myndverum ólíkt því sem raunin er með hefðbundið bóknám.

Á Íslandi er kvikmyndanáám ung grein innan menntakerfisins en þó má segja að fram hafi þróast skólar er leggja áherslu á jafnt hina hagnýtu sem fræðilegu nálgun.

Kvikmyndaskóli Íslands er líkt og áður segir hagnýtur lista- og verknámsskóli og víðar í framhaldsskólakerfinu er boðið upp á námsskeið í kvikmyndagerð. Má þar nefna Borgarholtsskóla sem dæmi. Í Háskóla Íslands er hins vegar í boði fræðilegt kvikmyndafræðináám. Listaháskóli Íslands býður upp á fjögurra ára leiklistarnám og sá möguleiki að taka upp kvikmyndanáám hefur ítrekað verið ræddur innan LHÍ.

Margir af þekktustu kvikmyndagerðarskólum heims eru sérskólar og byggja á hagnýtri nálgun. Skilgreiningin á góðum kvikmyndaskóla byggir ekki einvörðungu á því hvort hann veitir fræðilegar gráður heldur ekki síður orðstír þeirra í kvikmyndageiranum er útskrifast hafa úr skólanum. Sumir af þekktustu erlendu kvikmyndaskólunum hafa orðið þekktir og vinsælir vegna verðlauna sem nemendur þeirra vinna til á kvikmyndahátíðum eða öðrum afrekum þeirra á kvikmyndasviðinu.

Kvikmyndaskóli Íslands fetar greinilega í fótspor þeirra skóla sem leggja áherslu á hina hagnýtu nálgun. Stjórnarformaður skólans segir raunar að við mótun hans hafi í upphafi aðallega verið horft til tveggja erlendra fyrirmýnda, annarsvegar London Film School og hins vegar New York Film Academy.

Úttektaraðili skoðaði vefsíður þessara tveggja skóla. London Film School hefur áratuga reynslu sem kvikmyndaskóli og útskrifar m.a. nemendur á meistarastigi á tveimur árum. Skólinn hefur á að skipa menntuðum og þekktum kennurum. Inntökuskilyrði inn í námið er 3 ára nám á háskólastigi eða ígildi þess. New York Film Academy útskrifar nemendur með BFA (e. Bachelor of Fine Arts) á þremur árum og MFA (e. Master of Fine arts) á tveimur árum. Sá skóli auglýsir sig sem verknámsskóla (e. hands on og learn by doing) en skólinn hefur á að skipa stórum hópi menntaðra og þekktra kennara og fagfólks. Báðir skólar nýta einnig starfskrafta starfandi kvikmyndagerðarfólks.

Úttektaraðili leggur ekki mat á mun á gæðum kennslu þessara skóla og Kvikmyndaskóla Íslands. Þó má segja að hin almenna nálgun Kvikmyndaskólans svipi til starfshátta þessara skóla.

Innan Háskóla Íslands er kvikmyndafræði samkvæmt vef HÍ sjálfstæð námsgrein innan Íslensku- og menningardeildar. Hún er kennd sem aðalgrein til 120 eininga og sem aukagrein til 60 eininga. Markmið kennslu í kvikmyndafræði er að veita yfirlit yfir sögu kvikmynda á Vesturlöndum og að nokkru leyti í öðrum heimshlutum, að þjálfna stúdenta í að skilja og túlka kvikmyndir frá ýmsum tímum og ólíkum þjóðlöndum, m.a. með hliðsjón af öðrum listgreinum, bókmenntum og menningu, að kynna helstu hugtök og vinnuaðferðir í kvikmyndafræði og leiðbeina nemendum í gagnrýnni notkun á handbókum og öðrum ritum um kvikmyndir, bókmenntir og menningu almennt, og að þjálfna stúdenta í að fjalla um kvikmyndir og annað myndefni og texta á sjálfstæðan hátt í fræðilegum ritgerðum.

Leikaranám er kennt í Listaháskóla Íslands sem fjögurra ára nám og er alls 240 einingar. Að loknu námi og tilskildum prófum og verkefnum hlýtur nemandi BFA gráðu í leiklist.

Í leikaranámi er samkvæmt vef LHÍ lögð áhersla á sjálfstæði nemandans í vinnu með það að markmiði að skerpa sýn hans á eigin framvindu og vinnubrögð sem listamanns. Fyrstu tvö árin í leikaranámi fær nemandinn góða undirstöðu í öllum tæknifögum. Leiklistarsaga er kennd á þessu tímabili. Á þriðja ári er leiktúlkunarkennsla í brennidepli ásamt fræðinámskeiðum.

Kvikmyndaskóli Íslands

Kvikmyndaskóli Íslands er viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi á grundvelli reglugerður um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 108/1999. Lánasjóður íslenskra námsmanna lánar fyrir skólagjöldum að fullu.

Skólinn á rætur frá árinu 1992 er hann hóf námskeiðahald sem jókst stig af stigi. Haustið 2003 fékk Kvikmyndaskólinn formlega viðurkenningu frá menntamálaráðuneytinu á tveggja ára starfsmenntabraut á framhaldsskólastigi og tók að starfa eftir fyrstu námskrá skólans. Árið 2007 veitti svo menntamálaráðuneytið skólanum viðurkenningu á þremur nýjum sviðum og frá og með haustönn 2007 hefur skólinn rekið eftirtalin fimm svið:

- Leikstjórn/framleiðsla
- Skapandi tæknivinna
- Handrit/leikstjórn
- Leiklist
- Kjarni, sem er sameiginleg námskeið allra sviða

Skólinn hefur verið til húsa víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu frá því fyrsta námskeiðið var haldið. Árið 2002 flutti skólinn að Laugavegi 176 í gamla Sjóvarpshúsið. Þar var skólinn starfræktur til ársins 2006 en flutti þá að Lynghálsi 5, þar sem sjónvarpsstöðin Stöð 2 var áður til húsa. Árið 2008 flutti Kvikmyndaskólinn síðan í nýtt húsnæði að Víkurhvarfi 1 í Kópavogi.

Nemendafjöldi við skólanum áramótin 2009/2010 var 133 nemendur.

Stefna skólans

Stefna Kvikmyndaskóla Íslands skv. heimasíðu skólans er að efla íslenskan kvikmynda- og sjónvarpsiðnað og íslenska kvikmynda- og sjónvarpsmenningu.

Markmið skólans eru:

- að finna hæfileikafólk, veita því trausta, fræðilega og hagnýta menntun sem gerir það eftirsótt á vinnumarkaði strax að námi loknu, jafnframt því að undirbúa það undir frekara nám í kvikmynda- og dagskrárgerð á háskólastigi
- að auka þátt myndmiðla í íslensku skólakerfi þannig að allir nemendur öðlist þekkingu í beitingu og notkun myndmáls
- að efla íslenska kvikmyndaframleiðslu til stuðnings íslenskri menningu og til að skapa útflutningsvöru
- að vera vakandi yfir nýjungum í fjölmiðlun og dreifingu og mennta fólk til nýrra starfa sem skapast

- að bjóða nemendum bæði innanlands og erlendis, upp á spennandi valkost í námi

Skólagjöld

Kvikmyndaskóli Íslands er einkaskóli og standa skólagjöld nemenda undir um 60% af kennslukostnaði samkvæmt upplýsingum á heimasíðu skólans. Námsgögn eru innifalin í skólagjöldum auk þess sem nemendur fá fjármuni til umráða við framleiðslu á ákveðnum verkefnum. Nemendur á handritabraut fá einnig fartölvu til umráða. Miðað er við að nemendur þurfi ekki að greiða neinn viðbótarkostnað vegna námsins umfram skólagjöld. Skólagjöldin eru þau sömu á öllum sérsviðum, 600 þús.kr. á önn.

Styrktarsamningur milli menntamálaráðuneytisins og Kvikmyndaskóla Íslands

Styrktarsamningur milli menntamálaráðuneytis og Kvikmyndaskóla Íslands um þróunarverkefni var undirritaður 10. maí 2007. Áður hafði ráðuneytið styrkt skólann lítillega. Samkvæmt samningnum er miðað við að nemendafjöldi skuli ekki vera minni en 36 að jafnaði á önn. Samið var um að á samningstímanum myndi menntamálaráðuneytið greiða Kvikmyndaskóla Íslands alls 96 m.kr. frá 2007-2009. Samningurinn var framlengdur þann 30. desember 2009 til 31. desember 2010 og mun mennta- og menningarmálaráðuneyti greiða Kvikmyndaskóla Íslands alls 42 m.kr á samningstímanum.

GREINING OG MAT

Í þessum kafla verður leitast við að draga fram stöðu og mat úttektaraðila út frá skoðun gagna sem Kvikmyndaskólinn lét í té, upplýsingum á heimasíðu og út frá viðtölum.

Stjórnskipulag og rekstur

Kvikmyndaskóli Íslands ehf. kt. 620503-2230 er í eigu eignarhaldsfélagsins Telemakkusar ehf. Framkvæmdastjóri þess félags er Böðvar Bjarki Pétursson en stjórnina skipa Katrín Bjarkadóttir, sem er formaður, Ragnhildur Bjarkadóttir og Sólrún H. Skúladóttir. Fjölskyldutengsl eru milli þessara aðila.

Í Stjórn Kvikmyndaskóla Íslands eru :

Böðvar Bjarki Pétursson starfandi stjórnarformaður
 Friðrik Þór Friðriksson
 Páll Baldvin Baldvinsson
 Sigurður Gylfi Magnússon
 Ragnhildur Bjarkadóttir

Samkvæmt reglum skólans skal leitast við að stjórnarmenn séu með ólíkan bakgrunn og tengingar við íslenskt atvinnu- og menningarlíf. Stjórn Kvikmyndaskólans fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans og markar framtíðarsýn hans. Mat úttektaraðila er að nauðsynlegt sé að stjórn Kvikmyndaskóla Íslands sem, nýtur umtalsverðra opinberra styrkja, sé skipuð óháðu fagfólki sem tryggi aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna. Stjórn skólans er skipuð bæði vel menntuðu og reynslumiklu fagfólki en ekki verður hjá því litið að fjölskyldutengsl eru milli hluta stjórnarmanna auk þess sem skipun í stjórn er undirbúin og leidd af eigendum félagsins. Æskilegt væri að hluti stjórnarmanna yrði tilnefndur af utanaðkomandi aðilum, t.d. mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Skólameistari

Skólameistari hefur ekki starfað við skólann síðan í byrjun árs 2007. Fram kom að stjórnarformaður hefur tekið að sér sum dæmigerð hlutverk skólameistara en ber formlega ekki það starfsheiti og sinnir þannig ekki öllum þeim verkefnum er heyra alla jafna undir skólameistara.

Starfsemi skólans hefur vaxið mikið á síðustu árum og ekki síst í því ljósi er æskilegt að gera rekstrarformið sjálfstæðara frá eigendum. Þetta mætti gera þannig að eigendur myndu annaðhvort einbeita sér að daglegum rekstri eða þá stefnumótun í gegnum stjórnarsetu en ekki hvoru tveggja eins og raunin er í dag.

Almennt eru deildarforsetar, kennarar og nemendur ánægðir með störf stjórnarformanns og smitar drifkraftur hans frá sér en margir benda á að gott væri fyrir skólann að hafa skólameistara með skilgreint hlutverk og ábyrgð.

Deildarforsetar

Frá og með haustinu 2007 hafa verið starfandi sviðsstjórar yfir þeim fimm sviðum sem skólinn rekur. Sviðsstjórnarnir eru í dag kallaðir deildarforsetar. Deildarforsetar hafa umsjón með skipulagi hvernar annar og bera ábyrgð á, í samráði við nemendur og stjórnendur skólans, að markmið sem sett eru fram í kennsluskra, bæði markmið hvers námskeiðs og heildarmarkmið, náist auk þess að bera rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð á sviðunum. Deildarforsetarnir eru í 50% starfi og ráðnir til fimm mánaða í senn. Í starfi deildarforseta felst að kenna eitt námskeið á önn, en þeir geta kennt fleiri námskeið, hafi þeir vilja til þess, en þá á verktakasamningi. Deildarforseti Kjarna er þó fastráðinn. Deildarforsetar hafa nokkuð frjálsar hendur um vinnutíma og viðveru og er misjafnt hvenær þeir eru á staðnum innan skólatímans. Samkvæmt viðtölum við nemendur er þó aðgengi að deildarforsetum gott en þeir mismikið sjáanlegir. Mat úttektaraðila er að óregluleg viðvera deildarforseta og

lágt starfshlutfall geti skapað vandkvæði við stjórnun sviðanna auk þess sem margar ákvarðanir eru lagðar undir stjórnarformann skólans. Lítil tími er til skipulagningar námsins og við aðstoð og eftirlit með kennurum sem getur þ.a.l. haft áhrif á gæði námsins. Tölverðar breytingar hafa verið í deildaforsætahópnum frá haustinu 2007 sem hægt hefur á þróun og uppbyggingu sviðanna.

Kennslustjóri

Staða kennslustjóra var stofnuð við skólann haustið 2007 þegar megin námsbrautum var fjölgað í fjórar. Kennslustjórinn hefur kennararéttindi og umtalsverða kennslureynslu og hefur starfað við skólann frá árinu 2002. Kennslustjórinn hefur eftirlit með mætingum kennara og nemenda, heldur utan um umsagnir kennara um nemendur og les þær yfir. Kennslustjórinn hefur einnig tekið það að sér að vera nokkurs konar námsráðgjafi sem nemendur leita til með ýmis málefni er krefjast úrlausnar. Kennslustjórinn hefur einnig samskipti við LÍN og Hagstofuna.

Verksvið kennslustjóra er ekki nógu skýrt og oft á tíðum virðist óljóst hvert kennarar eiga að leita vegna úrlausnar mála, þ.e. til deildarforseta eða kennslustjóra. Kennarar og nemendur voru almennt ánægðir með störf kennslustjóra og þá sérstaklega í hlutverki námsráðgjafa en að mati úttektaaðila mætti efla hæfni í verkefnastjórnun, úrvinnslu tölfræðigagna og eftirfylgni mála. Störf fastráðinna starfsmanna, sem heyra undir kennslustjóra, eru eftirfarandi: Umsjón tæknimála, umsjón með myndveru og lampabúnaði, umsjón með hljóðkennslu, húsvörður og ræstingar.

Rétt er að taka fram, að núverandi kennslustjóri er eiginkona stjórnarformanns skólans. Sú staðreynd hefur vissulega engin áhrif á formlega hæfni viðkomandi starfsmanns til að gegna því starfi. Hins vegar, verður ekki framhjá því litið, að slík vensl leiða til almenns vanhæfis ef upp koma úrlausnarefni sem kalla á úrskurð annars hvors aðila um réttmæti vinnubragða eða úrskurðavald hins

Kennarar

Kennarar skólans eru ráðnir af deildarforsetum og eru á verktakalaunum. Í reglum skólans segir að þeir skuli hafa „menntun og/eða mikla reynslu á því sviði sem þeir kenna á og að þeir séu virkir í greininni.“ Ekki eru hins vegar settar fram fyrirfram skilgreindar kröfur um hæfni kennara, það er tilgreindar prófgráður, kennaramenntun, lengd starfsreynslu og svo framvegis. Gerðir eru verktakasamningar við hvern og einn kennara. Samkvæmt viðtölum fá kennarar greitt út frá kennslustundum og fá ekki greitt sérstaklega fyrir námsefnisgerð. Í viðtölum við kennara kom í ljós að kennurum fannst þeir fá lítinn tíma til undirbúnings námskeiða og við námsefnisgerð.

Reglur skólans

Í kennsluskrá er að finna reglur Kvikmyndaskóla Íslands þar sem stjórnskipulag skólans er tilgreint í kafla II. Það stjórnskipulag sem lýst er í reglum skólans er ekki í samræmi við það stjórnskipulag sem nú er hjá skólanum. Í stjórnskipulagskaflanum er fjallað um, til viðbótar því sem hér er ofan er greint frá, heiðursráð, deildarráð og úrskurðarnefnd í réttindamálum nemenda sem úttektaaðili fær ekki séð að séu starfrækt.

Skipulag, samráð og upplýsingaflæði

Innra skipulag

Samkvæmt þeim viðtölum sem úttektaaðili tók er það mat starfsmanna skólans að efla mætti ýmsa stoðþjónustu. Utanumhald um búnað og tæki sé ekki nægjanlegt og auka þurfi starfshlutfall við umsjá og umhirðu tækjabúnaðar. Samkvæmt viðtölum virðist sem svo að í upphafi hveirrar annar ríki ákveðið skipulagsleysi og dæmi um að verið sé að ráða kennara fram á síðustu stundu. Einnig virðist ákveðið skipulagsleysi ríkja við lok anna þegar verið er að undirbúa lokaverkefni og námslok.

Mat úttektaraðila er að skipuleggja þurfi betur verkaskiptingu og skólaárið sem slíkt svo koma megi í veg fyrir mikla álagstíma og á tímabilum því sem lýst var sem „ákvæðinni ringulreið“ þar sem allir virðast vera að vasast í öllu.

Samráð

Samstarf og upplýsingamiðlun milli deildarforseta hefur styrkst og aukist mikið eftir að vikulegir deildarforsetafundir voru settir á laggirnar fyrir þremur árum og þar með samvinna og skipulag milli deildanna. Á fundina mæta kennslustjóri, stjórnarformaður og deildarforsetar. Á fundunum er farið yfir liðna viku, rætt um samstarf og þau mál sem hafa komið upp. Einnig er horft fram á veginn og rætt um skipulag og það sem er á döfinni. Ritaðar eru fundargerðir á þessum fundum og samkvæmt viðtölum hafa fundirnir reynst vel varðandi upplýsingamiðlun og til að efla almenna vitneskju deildarforseta um hvað er að gerast hjá deildunum. Þá hafa fundirnir verið notaðir til að samræma aðgerðir í einstökum málum.

Mat úttektaraðila er að nauðsynlegt sé að skilgreina fyrirkomulag samráðs kennara og deildarforseta og upplýsingagjafar til kennara og nemenda.

Nemendur hafa kvartað nokkuð undan skorti á upplýsingamiðlun en taka verður fram að verið er að setja upp innri vef sem vonandi mun bæta almenna upplýsingagjöf. Nemendur telja sig hafa góðan aðgang bæði að kennurum og deildarforsetum og telja almennt að tillit sé tekið til sjónarmiða þeirra.

Inntökuskilyrði og inntaka nemenda

Inntökuskilyrðum er lýst í 12. grein í reglum skólans í kennsluskrá þar sem segir að við mat á nemendum inn í skólann sé skoðaður bakgrunnur þeirra hvað varðar menntun, atvinnureynslu og lífsreynslu almennt. Reynt sé að meta hvernig námið í skólanum muni henta viðkomandi nemanda og hversu líklegt sé að nemandi geti náð góðum árangri að námi loknu. Í reglum eru einnig upplýsingar um inntöku nemenda en samkvæmt viðtölum og upplýsingum úttektaraðila virðist ekki farið eftir þeim. Samkvæmt kennslustjóra skólans er inntökukrafa inn í skólann sú að nemandi hafi lokið 30 einingum í menntaskóla eða framhaldsskóla. Tekið er inn í skólann bæði á haust- og vorönn og er hámarksfjöldi í hvern bekk 12 nemendur. Sótt er um skólavist á heimasíðu skólans en þar þarf að tilgreina á hvaða braut viðkomandi óskar eftir að hefja nám auk þess að veita upplýsingar um þá menntun sem viðkomandi hefur. Stjórnarformaður tekur einn viðtöl við umsækjendur (að leiklistarbraut undanskilinni) og velur þannig nemendur inn í deildir. Á síðasta ári var því verklagi komið á að nemendur sem sóttu um inn í handrit og leikstjórn þurftu að skila inn rituðum texta sem deildarforseti fer yfir og samþykkir eða vísar frá. Inn í leiklistardeildina er einnig verklegt inntökupróf þar sem deildarforseti leiklistardeildar og tveir óskilgreindir kennarar eða deildarforsetar meta umsóknaraðila. Dæmi eru um að nemendum sé vísað frá án þess að bekkir séu fylltir.

Að mati úttektaraðila væri eðlilegt að deildarforsetar framkvæmi inntökuvíðtöl þar sem þeir hafi umsjón með og beri ábyrgð á skipulagi hverrar annar og bera ábyrgð á að markmiðum sem sett eru fram í kennsluskrá, bæði markmið hvers námskeiðs og að heildarmarkmið náist. Mat úttektaraðila er að nauðsynlegt sé að skólinn setji sem fyrst skýr, skrifleg inntökuskilyrði út frá stefnu skólans. Inntökuskilyrði og val á nemendum eru óljós og í viðtölum við deildarforseta kom glögg í ljós að bakgrunnur nemenda er mjög ólíkur og nemendahópurinn er mjög breiður. Almennt fannst deildarforsetum að inntökuskilyrði fyrir sviðin ættu að vera breytileg.

Nemendurnir

Meðalaldur nemenda samkvæmt kennslustjóra er um 24 ár og er að finna nemendur í skólanum allt frá 17 ára í upp í 47 ára. Frá og með árinu 2009 er inntökuskilyrðum og kröfum fylgt eftir af meiri festu.

Ráðning kennara

Skilyrði viðurkenningu um einkaskóla er að ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við framhaldsskóla, við ráðningar í kennslu og stjórnunarstörf sé gætt. Markmið þessara laga er að tryggja að þeir sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf í framhaldsskólum hafi menntun í samræmi við störf þeirra og ábyrgð.

Samkvæmt 13. grein laganna þar sem fjallað er um starfsfólk framhaldsskóla og ráðningu þess segir að til að vera ráðinn til kennslu í framhaldsskóla skuli umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Skólameistara sé þó heimilt að ráða sérfræðing tímabundið að hámarki eitt skólaár í senn til að kenna sérgrein sína, enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur 240 mínútum eða minna á viku. Margir kennarar Kvikmyndaskólans hafa meistarapróf frá háskóla eða sambærilega menntun. Einnig hafa nokkrir kennarar mikla reynslu úr kvikmyndafaginu og sérþekkingu í ákveðnu fagi. Hins vegar eru einnig dæmi um kennara sem ekki hafa háskólapróf né mikla reynslu úr faginu og hafa jafnvel nýlokið námi sjálfir úr Kvikmyndaskólanum. Deildarforsetar sjá um ráðningu þeirra kennara sem undir þá heyrta en verða að bera ráðningarnar undir stjórnarformann skólans. Ekkert formlegt ferli er við ráðningar. Mat úttektaraðila er að skilgreina þurfi ráðningarferli innan skólans og skýra þær kröfur sem lagðar eru til grundvallar ráðningum.

Kennarar skólans koma úr atvinnulífinu og hafa yfirleitt aðra atvinnu. Kennarar kenna frá einu og upp í þrjú námskeið á hverri námsönn. Kennarar eru á verktakasamningum og ráðningar ber yfirleitt að með þeim hætti að deildarforsetar þekja viðkomandi, hafa heyrt um hæfni viðkomandi eða þá að einstaklingar sem áhuga hafa á að vinna hjá Kvikmyndaskólanum hafa samband og er í kjölfarið boðið starf. Formlegt umsóknarferli á sér ekki stað við ráðningu í kennarastöður og ekki er ráðið eftir skilgreindum kröfum um hæfni kennara. Kennaravelta er nokkuð mikil sem rekja má til að enginn kennari er fastráðinn, ráðningar eru ófaglegar og innsetning í kennslu er ekki markviss. Kennarar hafa alla jafna hvorki menntun í kennslufræðum né mikla kennslureynslu sem getur haft neikvæð áhrif á kennslu og brottfall. Kennarar eru að sögn nemenda misjafnlega vel undirbúnir fyrir kennslustundir, sumir mjög vel undirbúnir en aðrir alls ekki. Kennurum gengur einnig misjafnlega vel að halda uppi mætingaraga og hefur það áhrif á kennsluna. Kennslumat sem framkvæmt er í lok hvers námskeiðs hefur gefið ágæta sýn á hvernig kennari er að standa sig gagnvart nemendum. Kennarar sem ekki eru taldir hafa staðið sig í starfi í kennslumati hafa ekki fengið endurráðningu. Ásókn í kennslu hefur aukist sem væntanlega má rekja til breyttrar stöðu efnahagsmála.

Skv. c lið 5. greinar reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi eiga laun og önnur starfskjör ekki að vera lakari en stéttarfélag og viðsemjendur þeirra semja um í kjarasamningum í þeirri starfsgrein sem samningurinn tekur til, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Kennarar starfa sem verktakar og fá greitt tímagjald út frá kenndum námskeiðum.

Námskrá

Kvikmyndaskóli Íslands gefur út endurskoðaða námskrá einu sinni á ári og skal hún liggja fyrir 20. ágúst ár hvert og gilda í tvær annir skv. reglum skólans. Endurskoðunar- og breytingarferli námskrár skal vera frá 1. júní til 20. ágúst. Þar fyrir utan skal námskrá vera óbreytt. Í námskrá skal koma fram uppbygging námsins, röðun námskeiða niður á annir og námskeiðalýsingar. Námskráin skal birt á heimasíðu skólans.

Á heimasíðu skólans er fjallað um þá þætti sem nefndir eru í 22. gr. laga um framhaldsskóla um skólanámsskrá. Er þar þó ekki að finna upplýsingar um ráðgjöf og þjónustu við nemendur og upplýsingar um réttindi og skyldur nemenda og foreldrasamstarf.

Í útgefinni kennsluskrá er formáli frá stjórnarformanni skólans. Stjórnarformaður greinir þar frá því að í ungum skóla sem stöðugt sé í endurskoðun hafi einhverjar breytingar verið gerðar sem aðallega séu fólgnar í tilfærslu eininga milli námskeiða eða röð námskeiða milli anna

Einingar sem gefnar eru upp í kennsluskrá byggjast á ECTS (European Credit Transfer System) einingakerfinu þar sem ein eining samsvarar 25-30 klst. vinnuframlagi nemanda. ECTS einingar eru miðaðar við formlegt akademískt nám á efri námstigum en sambærilegt einingakerfi er nú verið að innleiða á framhaldsskólastigi með gildistöku nýrra framhaldsskólalaga, sbr. 15. gr. 92/2008.

Samkvæmt stjórnarformanni er skipulag námskeiða byggt upp fyrir ECTS-einingakerfi þó svo að nemendur séu útskrifaðir með hefðbundnar framhaldsskólaeiningar enda hefur skólinn ekki fengið viðurkenningu ráðuneytisins á því að nota nýtt einingakerfi.

Starfsemi sviða samkvæmt námsskrá

Leikstjórn / framleiðsla

Námið byggist á því að mennta og þjálfra leikstjóra og framleiðendur. Nemendur fá grunnþjálfun í mörgum þáttum kvikmyndagerðar, en megináhersla er lögð á framleiðslu og leikstjórn. Nemendur vinna við framleiðslu nokkurra kvikmynda í náminu. Próf frá brautinni veitir titillinn kvikmyndagerðarmaður skv. heimasíðu skólans. Á sérsviðinu eru 37 námskeið sem veita alls 120 ECTS einingar. Almenn ánægja virðist vera með námið þótt einnig hafi þau sjónarmið komið fram að of mikil áhersla sé lögð á framleiðsluþáttinn. Hjá nemendum komu þau sjónarmið fram að námið myndi styrkjast með viðbótarári þar sem hægt væri að velja um sérhæfingu í leikstjórn eða framleiðslu.

Mat úttektaraðila er að námið sé metnaðarfullt og gefi nemendum tækifæri á að læra margt sem við kemur framleiðslu og leikstjórn. Deildarstjóri virðist vinni skipulega en færast mikið í fang og fjöldi námskeiða er mikill.

Skapandi tæknivinna

Námið byggist upp á því að mennta kvikmyndatökumenn, hljóðhönnuði, klippara, leikmyndahönnuði og sérfræðinga í tölvu- og eftirvinnslu kvikmynda. Próf frá brautinni veitir titillinn kvikmyndagerðarmaður með tæknivinnslu sem sérsvið skv. heimasíðu. Á sérsviðinu eru 41 námskeið sem gefa 120 ECTS einingar.

Núverandi og fyrrverandi nemendur af tæknisviði voru nokkuð ánægðir með námið. Námið byggist að miklum hluta á hagnýtum verkefnum. Kennarar virðast fá nokkuð frjálsan taum um kennsluaðferðir og ganga verkefni sviðsins mikið út á verkþekkingu og að læra að hafa næmt auga fyrir umgjörðinni við kvikmyndatök. Nemendur vinna mikið með öðrum sviðum og þá sérstaklega við eftirvinnslu mynda og lokaverkefna. Oft hefur gengið erfiðlega að ráða kennara til starfa og er það mat einhverra að einstaka kennarar hafi ekki skilað nógu faglegri vinnu. Próa og bæta þarf nokkur námskeið og er nauðsynlegt að deildarforseti komi að því að skipuleggja námskeið með kennurum við deildina og setja fram reglur og kröfur.

Mat úttektaaðila er að námið sé fyrst og fremst verklegt og að kröfur til kennara séu ekki nógu skýrar.

Handrit /leikstjórn

Námið byggist upp á því að mennta og þjálfra handritshöfunda og leikstjóra. Nemendur eru þjálfaðir í að semja handrit fyrir allar tegundir myndmiðla, bíó, sjónvarp og tölvur. Jafnframt er boðið upp á menntun á sviði leikstjórnar og nemendur vinna sem leikstjórar í nokkrum verkefnum. Próf af sérsviðinu veitir titillinn kvikmyndagerðarmaður með handritsgerð sem sérsvið. Á sérsviðinu eru 45 námskeið sem gefa 120 ECTS einingar.

Lokapróf af handritasviðinu er almennt talinn góður undirbúningur fyrir frekara nám í handritsgerð eða öðrum skrifum, fyrir nám í blaðamennsku og fjölmiðlafræðum, auk þess sem það nýtist vel með greinum eins og íslensku, bókmenntafræði og kvikmyndafræði á háskólastigi. Í viðtölum við nemendur voru einhverjir sem ræddu um að námið myndi styrkjast ef boðið væri upp á eitt ár í viðbót þar sem kostur gæfist á aukinni sérhæfingu.

Í viðtölum úttektaraðila kom fram að við sviðið starfa nú tveir deildarforsetar sem skipta með sér verkum. Hafa þeir í sameiningu valið inn kennara sviðsins. Í viðtölum var námið gagnrýnt fyrir að vera þungt og kröfur of miklar fyrir það nemendaval sem á sviðinu er. Yngri nemendur eða nemendur með líttinn sem engan bóklegan grunn hafa einna helst helst úr lestinni. Nefnd hefur verið sú skýring að erfitt sé að kenna handritsgerð ef nemendur hafi ekki vald á rituðu máli. Nemendur sem teknir hafa verið inn hafa ekki allir verið undir námið búnir. Um áramótin 2009-2010 sóttust tuttugu eftir að komast í námið en leyfi er fyrir 12 nemendum. Einungis 6 nemendur voru teknir inn til að bregðast við þessu. Í viðtölum kom fram að ekki er nægjanlegur agi ríkjandi á sviðinu og nemendur hafa komist upp með að mæta illa. Nauðsynlegt er að setja skýrar kröfur um kennsluhætti, mætingar og viðurlög við slægum mætingum. Annar deildarforsetinn sem sjálfur er menntaður

í kvikmyndaleikstjórn og handritsgerð frá Columbia háskóla í New York og með B.A. í bókmenntafræði frá HÍ vann að því að endurskoða kennsluáætlunina fyrir haustið 2010 vegna þeirrar gagnrýni sem deildin fékk. Deildarforsetinn hvarf til annarra starfa nú í vor.

Mat úttektaðila er að námið sé metnaðarfullt en nemendaval fari ekki saman við þær kröfur sem gerðar eru. Þetta hefur haft áhrif á brottfall nemenda sem hefur verið einna mest á þessu sviði.

Leiklist

Kennd er leiklist í kvikmyndum og framkomufræði í myndmiðlum almennt, t.d. þáttastjórnun og fréttamenska. Próf af sérsviðinu veitir titilinn kvikmyndagerðarmaður með kvikmyndaleik sem sérsvið. Á leiklistarsviði eru 38 námskeið sem gefa 120 einingar.

Í viðtölum úttektaðila kom fram að vel væri haldið utan um kennarahópinn á þessu sviði og agi nemenda sé meiri en á öðrum sviðum skólans. Það stafi af góðu skipulagi og náinni samvinnu deildarforseta við kennara, samhliða skýrum kröfum sem hann gerir á fundi í byrjun annar. Almenn ánægja er með deildarforsetann. Á sviðinu eru nokkrir kennarar sem kenna ár eftir ár sem skapar tækifæri til þróunar og stöðugleika. Nemendur sviðsins voru almennt ánægðir með námið, kennslu og kennaraval. Viðhorf sem birtust í viðtölum við kennara voru að of margir nemendur væru teknir inni námið árlega.

Borið saman við kröfur leiklistardeildar LHÍ er ljóst að skriflegar kröfur LHÍ eru strangari en í leikaradeild Kvikmyndaskólans enda ekki á sama skólastigi, námið hjá LHÍ er fjögur ár og allt námsmat skilgreindara. Leikaradeild Kvikmyndaskólans er engu að síður gott grunnnám í leiklist og einna best skipulagða námið innan Kvikmyndaskólans.

Kjarni - sameiginleg skyldunámskeið

Allir nemendur skólans taka sameiginlegan kjarna, 30 einingar, sem dreifast yfir 4 annir. Í kjarna eru 4 námskeið í skoðun kvikmynda, þar sem kvikmyndasagan er skoðuð út frá ýmsum sjónarhornum. Einnig eru kennd grunnatriðin í tæknivinnslu, auk þess sem kennd eru ýmis námskeið til að undirbúa nemendur fyrir þátttöku á atvinnumarkaði. Þá þarf hver nemandi að skila einni einingu á hverri önn undir heitinu samstarf. Í kjarna eru einnig símenntunarnámskeið sem nemendur á 4. önn þurfa að taka, auk útskriftarnámskeiðs.

Mat úttektaðila er að skipulag námskeiða í kjarna sé almennt gott, þaufjalli um almennari þætti kvikmyndanámsins og auki samstarf milli deilda.

Almennt um kennsluskrá

Stjórnarformaður mótaði grunn að kennsluskrá en hún hefur verið í stöðugri endurskoðun og er almennt talið að hún hafi breyst til batnaðar. Deildarforsetar hafa getað unnið að því að bæta kennsluskrána en það sem hefur hamlað þróun og úrbótum er starfshlutfall þeirra og að tími til undirbúnings hvers árs er takmakaður. Deildarforsetar eru í 50% verktakavinnu og fara í 2 mánaða leyfi yfir sumarmánuðina. Undirbúningur hvers skólaárs virðist vera unninn nokkuð hratt og eru kennarar almennt ekki miklir þátttakendur í undirbúningi hvers skólaárs. Markmið hvers sérsviðs eru tilgreind annars vegar út frá vinnumarkmiðum hvernig annar þ.e. hvað nemandi á að öðlast skilning á og lært og hins vegar lokamarkmiðum hvernig annar þ.e. hvað nemandi eigi að hafa tileinkað sér og hafi lært. Á öllum sviðum eru einingar á sérsviði 90 og einingar á kjarnasviði 30.

Námslýsingar og námsmat

Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara skv. 30. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Matið byggist á markmiðum skólastarfsins og því sem kveðið er á um í skólanámskrá.

Í kennsluskrá hvers árs er gerð grein fyrir hverju námskeiði. Námsáætlun hvers námskeiðs í kennsluáætlun byggist upp á þremur eftirfarandi þáttum; lýsing á námskeiði, þekking sem nemandi hefur öðlast að námskeiði loknu og námsmati. Kennarar fá námskeiðslýsingu úr kennsluskrá til að byggja upp hvert námskeið. Þeir hafa nokkuð frjálsar hendur um uppbyggingu námskeiða svo lengi sem það uppfyllir námslýsingu kennsluskrár.

Kennarar geta fengið aðstoð við ítarlega gerð námsáætlunar hjá sviðs- eða kennslustjóra. Kennarar senda inn ítarlega námsáætlun til nemanda helst tíu dögum áður en námskeið hefst með tölvupósti og afhenda skrifstofu skólans þegar námskeið hefst. Þetta verklag er kynnt í möppu sem kennarar fá afhenta í upphafi hverrar annar og þar er einnig listi yfir það sem koma þarf fram í námslýsingu. Samkvæmt lista eru eftirtalin atriði nefnd um það sem koma þurfa fram í námskeiðslýsingu:

1. Lýsing á náminu samkvæmt kennsluáætlun. Bein lýsing úr kennsluáætlun skal fylgja með
2. Upplýsingar um kennara, fyrirlesara og gesti
3. Upplýsingar um tímaáætlun samkvæmt stundaskrá, ásamt lýsingu á því hvað verður kennt í hverjum tíma fyrir sig
4. Lýsing á því hvaða námsgögn kennari mun styðjast við
5. Bækur, myndir og ítarefni sem kennari mun nota eða vísa til
6. Ákveðin tímasetning á prófum/verkefnaskilum
7. Hvernig mun kennari meta verkefni? Verður metið út frá frumkvæði, vinnugleði, samvinnu? Allir slíkir þættir verða að koma fram í námsáætlun. Nemandi verður að vita í upphafi hvers námskeiðs hvað það er sem kennari mun leggja áherslu á varðandi einkunnagjöf. Er skriflegt próf, er gefin einkunn fyrir mætingu eða kynningu á verkefnum?

Í móttökumöppunni er einnig lýsing á námsmati, þar sem niðurstöður námsmats er sagt samsett úr einkunnagjöf og skriflegum umsögnum um verkefni og vinnu nemandans. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10 og gefnar upp forsendur að baki tölunum, einnig staðist, fallið.

Námskeiðslýsingum og aðferðum námsmats hvers sviðs verður lýst hér að neðan

Leikstjórn og framleiðsla

Almennt voru námskeiðslýsingar ekki að uppfylla skilyrði námslýsinga en sumar engu að síður nokkuð greinargóðar. Einstaka lýsingar tóku þó eingöngu til skipulags námskeiðs og tímasetninga. Násmati er lýst sem mati verkefna og ástundun. Ekki er tilgreint hvað kennarar leggi til grundvallar mati né hlutfall mats fyrir verkefni og fyrir ástundun. Nemendur fá skriflega umsögn um frammistöðu sína.

Skapandi tæknivinna

Námslýsingarnar eru nokkuð misjafnar og uppfylla ekki skilyrði námslýsinga. Í sumum skortir lýsingu á náminu. Mat námskeiða er almennt orðað og gefið er fyrir úrlausnir verkefna og ástundun. Ekki er tilgreint hvað liggir til grundvallar mati kennara né hlutfall matsþátta. Nemendur fá skriflega umsögn um frammistöðu sína.

Handrit og leikstjórn

Námslýsingar eru nokkuð ósamræmdar og uppfylla ekki skilyrði námslýsinga. Mat byggir að töluverðu leyti á ástundun, mætingu, virkni í tímum og samvinnu. Ekki er tilgreint hvað kennarar leggi til grundvallar mati né

tilgreint hlutfall matsþátta. Mat sumra námskeiða byggist á verkefnum, handritum og skýrslum. Nemendur fá skriflega umsögn um frammistöðu sína.

Leiklist

Námskeiðslýsingar eru nokkuð ósamræmdar og uppfylla ekki skilyrði námslýsinga. Námsmat byggist á skýrslum eða vinnubókum og mati á verkefnum, ástundun og þróun. Námskeiðið Leikur og stíll er eitt af fáum sem tilgreinir hlutfall matsþátta. Nemendur fá skriflega umsögn um frammistöðu sína.

Framleiðsla

Á hverjum vetri eru framleiddar um 40 leiknar stuttmyndir af ýmsu tagi, 20 tónlistarmyndbönd, 15 auglýsingar, 15 heimildarmyndir auk skemmtiþátta, tilraunamynda og ýmissa kvikmyndaæfinga.

Mat úttekaraðila á námslýsingum og námsmati

Námslýsingar kennara uppfylla ekki kröfur skólans. Deildarforsetar virðast ekki koma að því með skipulegum hætti að móta námskeið með kennurum né gera kröfur um að námsáætlun uppfylli kröfur skólans. Skrifstofa skólans tekur við námslýsingum og geymir en leggur ekki mat á þær né sér til þess að þær séu betur úr garði gerðar. Kennsla og kennsluhættir eru að miklu leyti í höndum kennarans. Matsaðferðir eru ekki skýrar né samræmdar milli kennara innan deilda né innan skólans. Reglur um viðveru og skilareglur eru hvorki samræmdar né skýrar.

Í viðtölum voru settar fram efasemdir um að hægt væri að meta nemendur út frá ástundum í námskeiðum sem standa í tvær vikur. Huglægt mat kennara vegur þungt í mörgum fögum enda er hlutfall mætinga nemenda í mati ekki skilgreint en er þó í flestum tilfellum tilgreint sem matsþáttur í námsmati. Námsmatsaðferðir eru almennt ekki vel skilgreindar og hlutfall matsþátta ekki tilgreint. Námsmat byggist einnig mikið á framleiddu efni. Æskilegt væri að meta nemendur í auknum mæli út frá öðrum þáttum á borð við krossapróf, munnleg próf eða bókleg próf. Samræmi virðist hvorki vera innan deilda né milli deilda í einkunnagjöf. Í 17. gr. skólareglna er talað um að séu fjarvistir, þar með talið vegna veikinda, umfram 20% af heildarfjölda kennslutíma þá teljist nemandi fallinn úr námskeiðinu. Út frá viðtölum mátti heyra að nemendum hafi verið hleypt áfram milli anna þó fjarvistir hafi verið tölvert umfram 20%. Í 19. gr. reglna skólans er fjallað um fall, endurtökurétt og fyrningu náms en þeim virðist ekki vera fylgt eftir.

Mat úttekaraðila er að kröfur skólans um námsmat séu ekki skýrar og ekki nægjanlega vel kynntar fyrir kennurum. Stjórnendur skólans leggi of mikla áherslu á lokaverkefni sem viðmið um þá hæfni sem nemandi hafi öðlast í náminu. Þátttaka margra aðila innan skólans og í sumum tilfellum utan skólans er við gerð lokaverkefna og gefa þau því ekki einhlíta sýn á þá hæfni sem nemandinn hefur öðlast.

Námslok

Skólinn miðar að því að útskrifa nemendur með Diploma gráðu úr sérskóla á framhaldsskólastigi. Útskriftarnemendur vinna allir einstaklingsverkefni þar sem nemendur þurfa að sýna fram á verulega leikni í öllum þáttum kvikmyndagerðar og skila fullbúnu verki sem stenst faglegar kröfur. Deildarforsetar skipa hver um sig einn fulltrúa í dómnefnd vegna útskriftar. Fulltrúarnir starfa alla jafna í kvikmyndaiðnaðinum og er gerð krafa um þeir hafi ekki kennt þá önnina við skólann. Dómnefnd velur besta lokaverkefnið af hverri braut og veitir umsagnir og velur að lokum bestu myndina. Við val á viðurkenningum til deilda skal sérstaklega skoðað sérsvið hverrar deildar, þótt jafnframt sé verið að veita viðurkenningu fyrir mynd í heild. Dómnefndir meta myndirnar hver í sínu lagi og senda niðurstöður til ritara skólans. Mat hvers aðila í dómnefnd er rökstuðningur í einni til þremur setningum. Deildarforsetar gefa einnig lokaverkefnum sjálfstæðar einkunnir.

Mat úttekaraðila er að vel sé staðið að mati á lokaverkefnum.

Til að fá brautskráningu þurfa nemendur að hafa lokið öllum námskeiðum samkvæmt námskrá við upphaf náms og vera skuldlausir við skólann skv. reglum skólans.

Aðbúnaður

Skólinn er nú starfræktur í 4000 m² byggingu við Víkurhvarf. Starfsemi skólans er að meginhluta á efri hæð hússins en hún er þó nokkuð hrá eins og staðan er í dag. Á neðri hæð hússins er um 800 – 1000 m² svæði sem ekki hefur verið klárað og er hrátt en áform hafa verið um að breyta því í kvikmyndaver og hljóðupptökuver.

Að mati úttektaraðila er rými skólans gott þótt ófrágengið sé. Að mati nemenda er tækjabúnaður nokkuð góður en þó farinn að eldast.

Innra mat skólans

Innra gæðakerfi þarf að fullnægja 40.-41. gr. laga 92/2008. Skv. reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi.

Vikulegir kennarafundir eru haldnir þar sem kennslustjóri og deildarforsetar mæta og ræða um liðna viku og um komandi viku. Haldið er úti fundargerðum af fundunum sem byrjuðu sl. ár og hafa reynst vel. Upplýsingastreymi er meira og almenn ánægja meðal deildarforseta með fundina.

Kennslukannanir eru gerðar í hverju námskeiði þar sem spurt er hvort kennari hafi verið skipulagður og hvort námskeiðið hafi svarað væntingum nemandans og eru þrjár svarmöguleikar þ.e. já, nei eða hefði mátt vera betra. Nemendur eru einnig beðnir um að gefa kennaranum einkunn frá 0-10 og svara spurningunni : Hversu ánægð/ur ertu með þetta námskeið á skalanum 1-10. Kennaramatið er framkvæmt á pappír og sér kennslustjóri um að halda utan um matið og sjá til þess að brugðist sé við gefi matið til kynna að kennari sé ekki að standa sig. Gögn úr kennaramati eru geymd í möppum merkt hverri önn. Nýjir kennarar sem hafa fengið slaka einkunn hafa ekki verið beðnir um að kenna aftur. Einnig hefur verið rætt við kennara sem hafa fengið slaka einkunn og þeim gerð grein fyrir stöðunni og gefinn kostur á að bæta sig.

Mat skólastjórnenda er að dómnefndir lokaverkefna séu ígildi fagraða. Nemendur og árangur þeirra sé metinn í lok tveggja ára náms og segi til um gæði námsins. Í skólanum starfa ekki fagrað, skipuð fulltrúum hagsmunaaðila úr faginu til að sjá um eftirlit og úttektir. Engar sjálfsmatsskýrslur voru til.

Mat úttektaraðila er að bæta þurfi innra eftirlit og gæðamál skólans.

Fjármál skólans

Fjármögnun

Í viðurkenningu skólans sem framhaldsskóla er tekið fram í öðrum tölulið c. liðar um fjárhagslega ábyrgð og rekstraröryggi, að skólinn sé rekinn að fullu fyrir skólagjöld nemenda og fyrir framleigu á húsnæði. Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri skólans liggur hjá einkahlutafélaginu Kvikmyndaskóli Íslands menntastofnun ehf.

Ráðstöfun fjármuna og fjárhagslega staða

Skoðun á reikningum félagsins fyrir þau skólaár sem lauk 31. júlí 2008 og 2009 leiðir í ljós að félagið stendur illa fjárhagslega.

Framleiðslu- og kennslukostnaður hækkar nokkuð umfram hækkun tekna á milli ára. Önnur gjöld hækka í réttu hlutfalli við tekjuaukningu, þ.e. allt nema áhöld og tæki. Félagið nær hins vegar ekki nægilegri framlegð (EBITDA) til að standa undir afskriftum búnaðar og þar með nauðsynlegri endurnýjun hans, né vaxtagreiðslum eða afborgunum lána. Veltufjárhluftalið er 0,11 árið 2009 og var 0,15 árið 2008, sem er afar slæm staða, ekki síst þegar litið er til samsetningar veltufjármuna, en um 1,9 m.kr. af um 5,9 m.kr. er inneign hjá tengdum aðilum. Við venjulegar aðstæðum væri lausnin við ofangreindum vanda sú að endursemja um kjör og lengja í lánnum. Ekki verður hins vegar séð að í þessu tilviki séu, að óbreyttu, til staðar sjóðir eða aðgangur að fjármunum til þess að greiða skuldir félagsins. Eigið fé félagsins er neikvætt um 35 m.kr. Þannig að í raun er um að ræða ógjaldfært félag. Því er ljóst að til að tryggja framtíð rekstrarins þarf að draga úr kostnaði og/eða auka tekjur. Gera þarf þá kröfu til félagsins að setja fram raunhæfa áætlun um það hvernig félaginu verði á ný

skapaður rekstrargrundvöllur. Af þessu má draga þá ályktun að skólinn muni eiga erfitt með að standa við skuldbindingar sínar næstu misserin og að hann muni eiga erfitt með að fjármagna frekari vöxt og þróun starfseminnar að óbreyttum fjárhagslegum aðstæðum.

| | 2009 | | 2008 | |
|--|---------------------|---------|---------------------|---------|
| | Krónur | % | Krónur | % |
| Tekjur | 192.006.050 | 100,0% | 122.428.091 | 100,0% |
| Rekstrartekjur | 192.006.050 | 100,0% | 121.847.820 | 99,5% |
| Aðrar tekjur | 0 | 0,0% | 580.271 | 0,5% |
| Rekstrarkostnaður | -192.150.913 | -100,1% | -126.539.331 | -103,4% |
| Laun | -49.082.365 | -25,6% | -32.348.380 | -26,4% |
| Framleiðslu- og kennslukostnaður | -59.991.544 | -31,2% | -32.449.494 | -26,5% |
| Húsnæðiskostnaður | -36.446.847 | -19,0% | -24.969.159 | -20,4% |
| Annar rekstrarkostnaður | -37.235.295 | -19,4% | -24.347.279 | -19,9% |
| Áhöld og tæki | -9.394.862 | -4,9% | -12.425.019 | -10,1% |
| EBITDA | -144.863 | -0,1% | -4.111.240 | -3,4% |
| Afskriftir | -6.653.290 | -3,5% | -3.598.780 | -2,9% |
| EBIT | -6.798.153 | -3,5% | -7.710.020 | -6,3% |
| Fjármunatekjur | 0 | 0,0% | | 0,0% |
| Fjármagnsgjöld | -3.444.635 | -1,8% | -11.277.096 | -9,2% |
| Hagnaður /tap af reglulegri starfs. | -10.242.788 | -5,3% | -18.987.116 | -15,5% |
| Óreglulegar tekjur | 10.953.523 | 5,7% | 125.880 | 0,1% |
| Hagnaður | 710.735 | 0,4% | -18.861.236 | -15,4% |

Húsnæði

Þó svo að skólinn sé kominn í nýtt húsnæði hefur slæm fjárhagsstaða eiganda fasteignarinnar leitt til vandamála. Þannig hefur hluti umsamins húsnæðis ekki verið afhentur og enn er ólokið hluta þeirra framkvæmda við húsnæðið sem um var samið í upphafi. Þetta hefur leitt til þess að skólinn er hættur að greiða leigu en hefur greitt verktökum til framkvæmda, alls um 21 m.kr. og tilkynnt leigusala að hann líti á þær greiðslur sem ígildi leigu. Formlega hefur hins vegar ekki verið gengið frá þessum húsnæðismálum og því er til staðar óvissa og þar með áhætta fyrir rekstur skólans.

Viðhorf fyrrverandi nemenda út frá viðtölum

Viðhorf til námsins

Flest öllum fannst námið vera mjög samþjappað og að færi hafi gefist til að takast á við fjölbreytt verkefni. Allir voru nokkuð ánægðir með námið og telja það hafa verið góðan undirbúning fyrir kvikmyndageirann. Þar sé mikið um að vera og álagstímabil en þannig hafi námið einnig verið. Þeir nemendur sem hættu eða komust ekki áfram voru nemendur sem áttuðu sig ekki á því hve mikið þeir þurftu að leggja á sig því náminu fylgi mikil vinna og viðvera. Námið er hagnýtt og nemendur tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð sem nýtist að námi loknu. Það hversu vel mönnum hafi vegnað að námi loknu hafi verið undir hverjum og einum komið. Innan nemendahópsins hafi verið nemendur sem höfðu mikinn metnað en einnig metnaðarlausir nemendur. Nefnt var að námsmatið mætti vera skilgreindara og erfitt væri fyrir nemanda að átta sig á því. Skriflegar umsagnir gefi nemendum þó góðar upplýsingar. Einnig nefndu nemendur að inntökuprófin mættu vera strangari og almenn viðurlög við lélegri mætingu skýrari. Undirbúningur kennara er misjafn og þyrfti að vera staðlaðri. Kennarar hefðu frjálssar hendur hvort þeir létu nemendur fá gott námsefni eða ekki.

Námið gefur nemendum tækifæri á að læra og kynnast mörgu sem snýr að kvikmyndageiranum en flestum fannst að skólinn mætti bjóða upp á eitt ár í viðbót vilji nemendur sérhæfa sig enn frekar.

Viðhorf til skólans

Viðhorf þeirra nemandanna sem útskrifuðust fyrir tveimur árum og þeirra nemandanna sem útskrifuðust á yfirstandandi ári eru ansi ólík. Má greina það viðhorf að skólinn og skipulag hans hafi batnað til muna. Þeim nemendum sem útskrifuðust fyrir 2 árum finnst það ekki hjálpa sér við atvinnuleit að nefna að þeir komi úr Kvikmyndaskólanum en nýútskrifuðum nemendum finnst það skipta meira máli og eru almennt stoltari af náminu. Nemendur segja að það sé einstaklingsbundið hvernig fólk úr skólanum sé metið. Kvikmyndageirinn sé ekki stór og hafi nemandi sýnt af sér metnað og góða vinnu í skólanum gangi honum vel eftir að hann honum lýkur. Deildarforsetar eru mjög sýnilegir og gott aðgengi að þeim sem nemendum fannst gott. Skólinn er persónulegur og kennarar liðlegir.

Atvinna eða nám

Margir af þeim sem rætt var við, bæði núverandi og fyrrverandi nemendur vilja mennta sig frekar og horfa þá nær allir til annarra landa og stefna að B.Sc. gráðu eða meistaraþáttum. Í viðtölum kom fram að einhverjir telja að þeir þurfi einungis eitt ár í skóla erlendis til að fá B.Sc. gráðu. Aðrir tala um að þeir geti eftir tveggja ára viðbótarnám fengið mastersgráðu erlendis, t.d. í leiklist.

Þeir nemendur sem lokið hafa námi og rætt var við starfa flestir innan kvikmyndageirans. Sumir hafa fengið mörg verkefni og ekki þurft að sækja um starf en aðrir hafa átt erfiðara með að fá vinnu. Góð tengsl innan kvikmyndageirans skipta miklu máli þegar leitað er eftir verkefnum og almennt voru nemendur ánægðir með að hafa fengið það tækifæri að kynnast fólki í kvikmyndageiranum meðan á námi stóð.

TILLÖGUR

Í þessum kafla verður leitast við að draga fram þá þætti í starfsemi Kvikmyndaskólans sem má bæta.

Tillögur um úrbætur í starfsemi Kvikmyndaskóla Íslands

- Kvikmyndaskólinn hefur vaxið ört á síðustu árum í framhaldi af samningi við menntamálaráðuneytið. Núverandi samningur við skólann rennur út í árslok 2010. Í tengslum við áframhaldandi stuðning við skólann þarf að tryggja að skýrari aðskilnaður verði á milli daglegs rekstrar skólans og stjórnar hans.
- Lagt er til að ráðinn verði skólameistari við skólann til að sjá um daglegan fjárhagslegan og faglegan rekstur og fylgja eftir ákvörðunum sem teknar eru. Skólameistara verði falið að festa skipulag skólans í sessi og hanna ferli hans.
- Skipuleggja þarf námsárið með það fyrir augum að álag á starfsmenn skólans verði jafnara og skilgreina verkaskiptingu innan skólans betur.
- Lagt er til að deildarforsetar allra sviða fái fastráðningu til að þeir geti sinnt þeirri skyldu sinni að bera ábyrgð á markmiðum sem sett eru fram í kennsluskrá og vera rekstrar- og fjárhagslega ábyrgir fyrir sviðunum.
- Skilgreina þarf formlegt ráðningarferli kennara með skýrum hæfnisviðmiðum og kröfum.
- Kennaramati verði komið á rafrænt form til einföldunar og til að bæta eftirlit og eftirfylgni.
- Lagt er til að skilyrði fyrir inntöku nemenda verði skilgreind í takt við stefnu og markmið skólans og Inntökuvíðtöl verði á hendi deildarforseta viðkomandi sviðs.
- Styrkja þarf upplýsingaflæði og samhæfingu innan kennarahóps skólans. Mikilvægt er að kennarar fái skýrar upplýsingar um hvað koma eigi fram í námslýsingum, hvernig námsmat skuli skilgreint og fara fram þannig að samræmi sé milli kennara um kennsluhætti, matsaðferðir og einkunnagjöf, krafa um mætingar nemenda sé skýr og samræmdar séu leiðir til að taka á agavandamálum.
- Samræma þarf einingaviðmið skólans í kennsluskrá og við brautskráningu. Lagt er til að unnar verði frekari tölfræðiupplýsingar um umsóknir og inntöku nemenda, mætingu nemenda, einkunnir nemenda, brottfall nemenda og niðurstöður kennaramats enda eru slíkar upplýsingar forsenda stefnumótunar.
- Lagt er til að settar verði skólareglur um meginþætti skólstarfsins er taki mið af raunverulegri starfsemi skólans .
- Samráð stjórnenda, starfsfólks, kennara og nemenda verði skipulagt og tryggt með reglulegu fundahaldi og upplýsingagjöf. Upplýsingum sé dreift eftir ákveðnum boðleiðum og markvisst eftirlit haft með kennslu og þjónustu sem skólinn veitir.
- Lagt er til að fundinn verði leið til að uppfylla kröfur um innra gæðakerfi skv. 40. – 41. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.
- Skólinn þarf að sýna meiri festu gagnvart fjarvistum nemenda, setja skýr viðmið og beita þeim viðurlögum sem skólinn setur í reglum sínum þegar við á.

- Mikilvægt er að niðurstaða fáið sem fyrst í húsnæðismál skólans og innrétting þess verði kláruð. Nýtanlegt húsnæði rúmar illa þann fjölda nemenda sem teknir eru inn á hverju ári, of fáar stofur eru tilbúnar til notkunar og áform um kvikmyndaver og hljóðupptökuver hafa ekki gengið eftir.
- Eigi skólinn að geta staðið undir skuldbindingum sínum þarf að styrkja fjárhagsstöðu hans

FYLGISKJAL

Bakgrunnur deildarforseta

Sigrún Gylfadóttir, deildarforseti. Sérsvið IV: Leiklistarsvið

Menntun:

- Ólukið er meistaranámsritgerð í meistaranámi í Uppeldis- og menntunarfræðum við HÍ
- B.A. gráða í leiklist og klassískum bókmenntum frá New York University
- Tveggja ára leiklistarnám frá American Academy of Dramatic Arts í New York.

Hera Ólafsdóttir, deildarforseti. Sérsviði: Leikstjórn / Framleiðsla

- MA í leikstjórn, Goldsmiths College, University of London, Bretland
- BA í leikhúsfræðum, Köbenhavns Universitet, Danmörk
- Söng- og tónlistarnám í Kaupmannarhöfn og Píanó-, tónlistar- og jasssöngsnám tónlistarskóla FÍH

Hálfván Theodórsson, deildarforseti Sérsvið II: Skapandi tækni

- Sjálfmenntaður í tæknivinnu í kvikmyndageiranum
- 20 ára reynsla úr faginu

Einar Káráson, deildarforseti , 50% Sérsvið III: Handrit /Leikstjórn

- B.A. Bókmenntafræði
- Einn af vinsælustu rithöfundum þjóðarinnar. Íslensku bókmenntaverðlaunin og tilnefndur fjórum sinnum til bókmenntaverðlauna norðurlandaráðs

Hafsteinn Gunnar Sigurðsson deildarforseti , 50% Sérsvið III: Handrit /Leikstjórn (lýkur störfum vor 2010)

- Kvikmyndaleikstjórn og handritsgerð frá Columbia University ,2008, USA
- B.A. Bókmenntafræði HÍ

Elvar Gunnarsson, deildarforseti. Kjarni (lýkur störfum vor 2010)

- Kláraði Kvikmyndaskóla Íslands